

## Agastefna Stekkjaráss september 2013

---

Tilgangur með agastefnu er:

***Að búa til öruggt skólaumhverfi og lærdómssamfélag þar sem hver og einn fær notið sín.***

Hvernig verður það gert:

***Fáar en skýrar reglur.***

***Jákvæðan aga – uppbyggilegan.***

**Kennarar**

- Við gefum skýr jákvæð skilaboð, stutt og viðeigandi – gott að visa í reglur í skólans (Svona gerum við) t.d. “við setjum bókina í hilluna” í stað “ekki skilja bókina eftir á gólfinu”.
- Við náum augnsambandi, snerting og tölum ákveðnum en blíðlegum rómi

**Hvatning/Hrós**

- Er einstakt verkfæri fyrir starfsfólk til að kenna nýja hegðun og viðhalda henna með jákvæðum hætti.
  - Hrós og hvatning eflir sjálfstraust.
  - Með því að nota jákvæðan aga í uppeldinu byggist upp gangkvæm virðing og traust.
  - Við hrósum barninu af heilum hug
  - Rannsóknir sýna að ef horft er fram hjá jákvæðri hegðun eykst neikvæð hegðun.  
Því alvarlegri sem hegðunarerfiðleikarnir eru þeim mun meiri hvatningar er þörf til að ná fram æskilegri hegðun.
-

## Svona gerum við...

---

### Grunnreglur

- Ég fylgi fyrirmælum kennara
- Ég nota innirödd inni
- Ég geng inni
- Ég hef hendur og fætur hjá mér
- Ég er vingjarnleg(ur) og hjálpsöm(samur)
- Ég er tillitsöm(samur) og ber virðingu fyrir öðrum
- Ég loka hurðum varlega
- Ég geng vel um alla hluti
- Ég geng frá eftir mig
- Ég bíð eftir að röðin komi að mér

**Muna að útskýra fyrir börnunum grunnhugtökum aga, hvað er „virðing“ ,“fyrirmæli“, að vera „tillitsamur“ og hvað er „varlega“...**